



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 142/217
komudagur 14.10.2013

Reykholti, 14. október 2013
1310005 VV

Efni: Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi (37. mál).

Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 26. september 2013 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

Tillaga til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi (37. mál).
Byggðaráð Bláskógabyggðar vill leggja áherslu á að löggjafinn gæti þess að samþykkja ekki ályktanir og löggjafir sem fela í sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélög nema að tekjustofnar verði tryggðir samhliða. Umrædd ályktun felur í sér aukin verkefni og aukinn kostnað fyrir sveitarfélög án þess að vikið sé að því einu orði hvar sveitarfélög skuli fá tekjur til að standa undir auknum rekstrarútgjöldum.

Þessi afgreiðsla byggðaráðs var síðan staðfest af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 10. október 2013.

Virðingarfyllst,

Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar